

160

10. des.

3. gr.

Í sýslusjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaптúnun. Þó er hreppsfélaginu heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann þó ekki lægri vera en 2% af verði skattskyldra fasteigna eftir fasteignamati og ekki hærri en 10%, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skatturinn er miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarin ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur samkv. lögum nr. 102, 19. júní 1933.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

5. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs, skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum, ásamt áætlun, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra, að afstöðnum sýslufundi.

6. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögu sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir, ásamt húsum og lóðum á þeim, enn fremur ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati sökum sjávarhlunninda.

7. gr.

Sýsluvegasjóðum skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 9. gr. laga nr. 102 19. júní 1933, sbr. og lög nr. 121 12. des. 1945.

8. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 kr. sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum, sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.